

Hvert get ég leitað ?

Bæði börn og foreldrar geta óskað eftir ráðgjöf og stuðningi hjá tengilið farsældar.


Hægt er að hafa samband við tengilið farsældar með því að hringja í síma 5902800 eða senda póst beint á tengilið: astab@hraunvallaskoli.is

Viðvera tengiliðs er:

Þriðjudagur kl. 8:00 - 16:00

miðvikudagur kl. 8:00 - 14:00

fimmtudagur kl. 8:00 - 16:00




Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Lögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.

Hraunvallaskóli

☎ 590-2800

📍 Drekvellir 9

✉ hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is



Hraunvallaskóli


vinátta - samvinna - ábyrgð

Ný lög voru samþykkt á Alþingi 1. janúar 2022, lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Megin markmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Samþætt þjónusta?

Samþætting þjónustu er skipulögð og samfelld þjónusta sem stuðlar að farsæld barns og er veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni.

Samþætting er ekki skilyrði fyrir þjónustu en hún getur gert þjónustuna skilvirkari. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækja sjálfir þjónustu fyrir börn sín.



Snemmtækur stuðningur

Felur í sér að börn fái aðstoð og hjálp sem fyrst á lífsleiðinni og að liðsinni sé veitt áður en vandinn ágerist með skaðlegum og óafturkræfum afleiðingum.

Lögin ná til allrar þjónustu sem veitt er innan skólakerfis, heilbrigðiskerfis og félagsþjónustu auk lögreglu.

Stigskipting þjónustu

1

Fyrsta stig :

Er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Einstaklingsbundin og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns. Barn fær tengilið. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum og skipurleggur og fylgir eftir samþættingu.

2

Annað stig:

Er einstaklingsbundin og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns. Barn er með tengilið og málstjóra. Málstjóri veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og leiðir saman stuðningsteymi.

3

Þriðja stig:

Er einstaklingsbundin og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hætta búin. Meðferð og barnaverndarvinnsla. Málstjóri heldur utan um þjónustu.